

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um skipulag ferðamála, nr. 117/1994, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 13. des.)

1. gr.

C-liður 1. mgr. 8. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

IV. kafli laganna, **Ferðamálasjóður**, fellur brott.

3. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Frá og með 1. janúar 2003 yfirtekur ríkissjóður allar eignir og skuldir Ferðamálasjóðs. Byggðastofnun er falið að sjá um innheimtu á útlánnum sjóðsins. Innköllun til lánardrottna Ferðamálasjóðs skal eigi gefin út. Umboð stjórnar sjóðsins fellur niður frá sama tíma.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.